



# Starfspjálfun



*Próunarsamvinnustofnun Íslands (PSSÍ) er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir utanríkisráðuneytið. Hún var stofnuð með lögum árið 1981 og er ætlað að vinna að tvíhliða samstarfi Íslands við þróunarlönd. Áhersla er lögð á samvinnu við þau lönd þar sem lífskjörin eru lókust og er aðstoðin einkum veitt á þeim sviðum þar sem Íslendingar búa yfir sérstakri þekkingu og reynslu.*

[www.iceida.is](http://www.iceida.is)

**Próunarsamvinnustofnun Íslands auglýsir eftir ungu háskólafólki sem hefur áhuga á fimm mánaða starfspjálfun í tengslum við verkefni á sviði þróunarsamvinnu í samstarfslöndum stofnunarinnar. Starfstími er frá 1. júlí til 30. nóvember.**

## Hæfniskröfur

Umsækjendur skulu hafa lokið grunnnámi í háskóla áður en starfstími hefst (BA, BSc eða sambærileg gráða) og ekki vera eldri en 32 ára. Mjög góð enskukunnátta er skilyrði, svo og góð tölvukunnátta, sjálfstæð vinnubrögð, þolinmæði og lipurð í mannlegum samskiptum. Þekking á þróunarmálum og þróunarstörfum sem og menningu þróunarlanda er ákjósanleg.

## Malaví

Úrvinnsla rannsóknargagna sem fyrirleggja í verkefnum stofnunarinnar auk annarra tilfallandi verkefna og umsýslu á skrifstofu. Leitað er að umsækjanda með menntun á sviði félagsvísinda með góða þekkingu á aðferðafræði rannsókna. Starfið felur í sér búsetu í dreifbýli við erfið skilyrði.

## Níkaragva

Tilfallandi verkefni á skrifstofu stofnunarinnar og við þróunarverkefni hennar sem eru annars vegar á sviði jarðhita og hins vegar á sviði félagsmála, svo sem heilbrigðis- og menntamála. Leitað er að umsækjanda með menntun á sviði raun- eða félagsvísinda. Mjög góð spænska er skilyrði.

## Namibía

Tilfallandi verkefni á skrifstofu stofnunarinnar og í tengslum við þróunarverkefni hennar sem eru á sviði félags-, mennta- og vatnsmála. Leitað er að umsækjanda með menntun á sviði raun-, mennta- eða félagsvísinda.

## Mósambík

Söfnun og úrvinnsla gagna í tengslum við verkefni stofnunarinnar, einkum á sviði fiskimála. Frágangur skjala auk annarra tilfallandi verkefna á skrifstofu. Leitað er að umsækjanda með menntun á sviði raun- eða félagsvísinda. Portúgalska er kostur.

## Úganda

Upplýsingaöflun og samantekt á helstu aðferðum þróunarsamvinnu í Úganda þar með talið stefnu stjórnvalda og helstu samstarfsríkja Íslands á sviði þróunarmála. Leitað er að umsækjanda með menntun á sviði hagfræði, þróunarfræði eða þróunarhagfræði.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) fyrir 26. mars nk.

Upplýsingar veitir Albert Arnarson.  
Netfang: [albert@hagvangur.is](mailto:albert@hagvangur.is)



 **HAGVANGUR**

- við ráðum